



Borgarráð

Erindisbréf - Starfshópur um gerð umbótaáætlunar vegna stjórnsýsluúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um gerð umbótaáætlunar vegna stjórnsýsluúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um gerð umbótaáætlunar vegna stjórnsýsluúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar, drög.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um gerð umbótaáætlunar vegna stjórnsýsluúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Í samræmi við innri endurskoðunaráætlun A-hluta Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022- 2023, er samþykkt var af endurskoðunarnefnd 31. janúar 2023 og kynnt í borgarráði, framkvæmdri Innri endurskoðun og ráðgjöf stjórnsýsluúttekt á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar. Markmið úttektarinnar var að draga upp heildarmynd af viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar og finna umbótatækifæri. Niðurstöður úttektarinnar voru kynntar endurskoðunarnefnd 5. júní 2023 og fyrir borgarráði 15. júní 2023. Í skýrslunni eru settar fram 13 ábendingar þar sem tækifæri eru til að gera betur.

Hlutverk og verkefni starfshópsins:

Að yfirfara ábendingar Innri endurskoðunar og ráðgjafar sem fram koma í framangreindri stjórnsýsluúttekt og setja þær í formlegt umbótaferli. Eftir atvikum verður komið á fót undirhópum um einstök verkefni.

Starfshópurinn skipa:

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari – formaður
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri FAS
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri USK
Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri USK
Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri eignaskrifstofu FAS

Starfsmaður:

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn taki mið af stjórnsýsluúttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldi fasteigna Reykjavíkurborgar, dags. 5. júní 2023. Starfshópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili áfanganiðurstöðum til ábyrgðarmanns þann 15. sept. 2023 og lokaskýrslu að umbótaferli loknu.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson